

GJALDSKRÁ

fyrir Búnaðarsamband Austurlands.

1. gr.

	kr.
Sæðingargjald/skýrsluhald	2.200
Sæðingargjald án skýrsluhalds	2.400
Sæðingargjald án mjólkurinnleggs	6.050
Holdasæði, Galloway	1.200 pr. strá
Holdasæði, Angus og Limousin	600 pr. strá
Í gjaldinu er innifalið fyrstu þrjár sæðingar pr. kú.	

2. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1. gr.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra nr. 14/2001, um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur vegna álagningar opinberra gjalda einstaklinga.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust vegna þeirrar álagningar opinberra gjalda á einstaklinga er lauk 31. júlí 2001.

Í stað 21. desember, sbr. auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 13/2001 skulu skattstjórar hafa lokið við að úrskurða kærur þann 31. janúar 2002 vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 2000 og eigna í lok þess árs.

Reykjavík, 20. desember 2001.

F.h. ríkisskattstjóra,

Ingvar J. Rögnvaldsson.